

FARSÆLDARRÁÐ AUSTURLANDS

2. FUNDUR 9. FEBRÚAR 2026 KL. 14

HALDIN Á TEAMS

Mættir voru: Anna Alexandersdóttir, Sviðstjóri Velferðar hjá Múlaþingi; Líneik Anna Sævarsdóttir, Stjórnandi fræðslumála og skólaþjónustu Fjarðabyggð; Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, Stjórnandi félagsþjónustu Fjarðabyggð; Þórhildur Sigurðardóttir, Verkefnastjóri fristunda- og æskulýðsmála Vopnafirði; Kjartan Benediktsson, Sveitastjórnarmaður Fljótsdal; Jónína Óskarsdóttir, Fagstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði HSA; Kristján Ólafur Guðnason, Yfirlögregluþjónn á Austurlandi; Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, Svæðisfulltrúi ÍSÍ/UMFÍ; Guðný Björg Guðlaugsdóttir; Áfangastjóri VA; Ína Berglind Guðmundsdóttir, Ungmennaráði Múlaþingi; Alexandra Björt, Ungmennaráði Vopnafjarðar, Maryam Luay George, Ungmennaráði Fjarðabyggð; Björg Eyþórsdóttir, Foreldraráð Múlaþingi; Aldís Anna Sigurjónsdóttir, Foreldraráð Fjarðabyggð; Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Verkefnastjóri Farsældarráðs á Austurlandi.

Fjarverandi: Árni Ólason, Skólameistari ME og Sigurbjörg Hvönn Kristjánsdóttir, Sviðsstjóri menntunar og lýðheilsu Múlaþingi.

Dagskrá fundar

- Setning fundar og farið yfir skipulag næstu funda ráðsins – Anna Alexandersdóttir formaður Farsældarráðs á Austurlandi
- Kynning Barna- fjölskyldustofu, BOFS, á lögum um farsæld barna – Elísabet Sigfúsdóttir sérfræðingur Farsældarsviðs BOFS
- Kynning á niðurstöðum Íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar- Nína Hrönn Gunnarsdóttir, verkefnastjóri Farsældarráðs
- Kynning frá HSA um árskýrslu heilsugæslu í skólum og áskoranir þeirra – Jónína Óskarsdóttir, Fagstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði
- Fjöldi barnaverndartilkynninga og þróun í málefnum barna innan farsældar - Rannveig Friðriksdóttir, verkefnastjóri barna og Fjölskylduverndar Múlaþings og Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, stjórnandi félagsþjónustu Fjarðabyggðar .
- Samantekt og fundarslit

1) Setning fundar og farið yfir skipulag næsta fundar ráðsins

- a) Verkefnastjóri farsældarráðs gerði grein fyrir dagskrá fundar. Á næsta fundi, 9. mars verður áframhaldandi kortlagning með kynningum frá lögreglu, íþróttahreyfingunni, skólaþjónustu og um verkefnið Heillaspor í Múlaþingi. Áréttað var að kynningar og gögn nýtist við kortlagningu, undirbúning aðgerðaráætlunar og forgangsröðun með það markið að ljúka vinnunni fyrir haustið 2026.

2) Kynning BOFS á lögum um farsæld barna

- a) Elísabet Sigfúsdóttir, sérfræðingur á farsældarsviði Barna- og fjölskyldustofu fór yfir tilgang laga um farsæld barna, stigskipta þjónustu og stoðir svæðisbundinna farsældarráða. Þá hvatti hún ráðið til áframhaldandi vinnu. Kynningargögn má finna [hér](#).

3) Kynning á niðurstöðum Íslensku æskulýðsrannsókninni

- a) Nína Hrönn Gunnarsdóttir, Verkefnastjóri farsældarráðs kynnti niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Fram kom að börn á Austurlandi skera sig almennt ekki úr á

flestum sviðum. Þau stunda hlutfallslega oftar listnám, þeim gengur almennt vel í námi og eiga auðvelt með að eignast vini.

Jafnframt komu fram áskoranir, m.a. að stúlkur meta heilsu sína lakari en drengir, hafa minni trú á eigin getu og virðast síður ræða áhyggjur við foreldra. Samt sem áður upplifa börn tilfinningalegan stuðning frá fjölskyldu. Frekari niðurstöður má sjá á [glærum](#) sem vistaðar eru á svæði ráðsins.

4) Kynning frá HSA um ársskýrslu heilsugæslu í skólum og áskoranir þeirra

- a) Jónína Óskarsdóttir, fagstjóri hjúkrunar á heilsugæslusviði HSA kynnti stöðu heilsuverndar skólabarna, hlutverk hjúkrunarfræðinga innan skólanna, skipulag heilsuverndar skólabarna, skipulag fræðslu hjúkrunarfræðinga innan skólanna auk þeirra áskorana sem blasa við heilbrigðisþjónustu í skólunum á Austurlandi að mati stjórnanda og starfsmanna HSA. Glæsur Jónínu má finna [hér](#)

5) Fjöldi barnaverndartilkynninga og þróun í málefnum barna innan farsældar

- a) Rannveig Hrönn Friðriksdóttir, verkefnastjóri barna og fjölskylduverndar Múlaþings og Aðalheiður Björk Rúnarsdóttir, stjórnandi félagsþjónustu Fjarðabyggðar kynntu fyrir okkur þróun í tilkynningum til barnaverndar síðustu þrjú árin þar sem sést að tilkynningar hafa aukist mjög mikið, þeim tilkynningum sem enda í könnun er að fjölga en samt ekki í sama hlutfalli og tilkynningunum. Flestar tilkynningar á báðum stöðum koma frá lögreglu, síðan frá heilbrigðiskerfinu en færstar frá skólunum. Farið var yfir flokkun tilkynninga. Þar kom í ljós aukin áhættuhegðun á báðum stöðum. Talsverður hluti tilkynninga var vegna vanrækslu. Farið var yfir fjölda mála í samþættingu og vex fjöldi þeirra þessi þrjú ár. Breytt hefur verið um aðferð við talningu þannig samanburðurinn er mögulega ekki raunhæfur. [Hér](#) má nálgast glæsur Aðalheiðar

6) Samantekt og fundarslit

- a) Farið var yfir að næsti fundur yrði þann 9. mars og hann yrði haldinn í Teams og með svipuðum hætti og á þessum fundi þar sem haldið yrði áfram með kynningar en á fundi 13. apríl yrði staðfundur haldinn á Egilsstöðum í sal Austurbrúar að Vonarlandi (Tjarnarbraut 39) þar sem unnið yrði úr þeim upplýsingum sem kynningarnar hafa gefið okkur. Fundarmenn eru beðnir að setja niður fyrir sig með sínu fólki aðgerðir sem þeir telja mikilvægastar til að verði umræðugrundvöllur á vinnufundi okkar þann 13. apríl á [skjali](#) sem vistað er á sameiginlegu drifi ráðsins

Fundi slitið kl. 16

Fundargerð ritaði Nína Hrönn Gunnarsdóttir

